

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu á Húsavík.

1. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri fara með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Húsavík. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum þess aðila, er bæjarstjórn ræður til þess.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður, eða að öðrum tilvísunum, sem forstöðumaður metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem forstöðumaður metur að nauðsyn sé hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heima-húsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða sem búa einir.
5. Önnur tilfelli sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Bæjarstjórn gangist fyrir námsskeiðum fyrir starfsfólk heimilisþjónustunnar eða gefi því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.

4. gr.

Stjórn heimilishjálparinnar ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær sem heimilishjálpin stunda, séu hæfar til starfans og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

5. gr.

Bæjarsjóður Húsavíkur ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

6. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

7. gr.

Fyrir heimilisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari og reglum er bæjarstjórn setur þar um, skal sá, er hjálpar nýtur, greiða eftir taxa, þar sem tekið er tillit til tekna viðkomandi og kostnaður við hjálpinu. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, sem hún telur máli skipta í þessu efni.

8. gr.

Skrifstofa Húsavíkurkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

9. gr.

Forstöðumaður heimilisþjónustu lætur bæjarstjórn árlega í té skýrslu um starfsemina undanfarið ár.

10. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 13 frá 17. febrúar 1959, um heimilishjálp í Húsavík.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

3. júlí 1975.

Nr. 332.

REGLUGERÐ

um umferðarfræðslu í skólum.

1. gr.

Tilgangur umferðarfræðslu í skólum er:

1. Að gera nemendum ljósa hættu, sem af umferð stafar og nauðsyn umferðarreglna.
2. Að kenna umferðarreglur þær, sem gilda á hverjum tíma. Skal fræðslu hagað í samræmi við þroska og aldur nemenda.
3. Að kenna nemendum að fara eftir settum reglum þannig, að þeir valdi ekki sér eða öðrum óþarfa hættu.

2. gr.

Á barnaheimilum, í leikskólum og forskólum skal börnum leiðbeint um einföldustu reglur, sem fótgangandi manni ber að fylgja í umferð, eftir því sem við verður komið.

Fræðslan skal einkum beinast að því, að innræta þá varúð, er börnum ber að sýna, þegar þau eru á ferð eða í leik á almannafæri.

Forráðamönnum stofnana þeirra, sem að framan greinir ber að sjá þeim fyrir nauðsynlegum gögnum til kennslunnar.

3. gr.

Í grunnskóla skal umferðarfræðsla vera einn þáttur skyldunámsins.